



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

21. mars 2016
Tilvísun: 2016030015


Efni: Umsögn frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 561. mál

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 8. mars 2016, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að takmarka tjón á fjármálamarkaði.

Frumvarpið leggur til að ákvæði þess verði tímabundið og falli úr gildi í lok árs 2017 eða falli á brott við fyrra tímamark þegar frumvarp til nýrra heildarlaga um viðbúnað, skil og slit fjármálafyrirtækja tekur gildi. Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að til staðar sé heimild í lögum fyrir stofnunina til að grípa til aðgerða, vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði, þar til framangreint frumvarp tekur gildi. Styður Fjármálaeftirlitið því framgang frumvarpsins og tekur undir rökstuðning þann sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Anna Mjöll Karlsdóttir


Björk Sigurgísladóttir

10. mars 2016

Efnahags- og viðskiptanefnd

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Umsögn um mál 561, breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002

Vísað er til erindis nefndarinnar þar sem óskað er umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja um ofangreint mál. Um er að ræða tímabundna framlengingu á bráðabirgðaákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki sem verið hefur í lögnum frá árinu 2009 en er ættað úr neyðarlögnum svokölluðu, þ.e. lögum 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl. Ákvæðið veitir Fjármálaeftirlitinu margvíslegar heimildir til að hlutast til um rekstur fjármálafyrirtækja „vegna sérstakra aðstæðna eða atvika. Með sérstökum aðstæðum eða atvikum er átt við sérstaka fjárhagserfiðleika og/eða rekstrarerfiðleika hjá fjármálafyrirtæki, þar á meðal ef líkur eru á að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum, forsendur afturköllunar starfsleyfis eru líklega fyrir hendi eða líkur standa til að það geti ekki uppfyllt kröfur um lágmark eigin fjár og önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins eru ekki líkleg til að bera árangur. Þá er með sérstökum aðstæðum einnig átt við að fjármálafyrirtæki hafi óskað eftir eða fengið heimild til greiðslustöðvunar eða til að leita nauðasamnings.“ eins og segir í frumvarpinu.

Ákvæði frumvarpsins heimila Fjármálaeftirlitinu, þegar svo ástatt, að boða hluthafafundi, taka þátt í hluthafafundum, taka yfir vald hluthafafunda, yfirtaka rekstur fjármálafyrirtækja, og ráðstafa eignum og skuldum fjármálafyrirtækja í heild eða hluta til annarra fjármálafyrirtækja. Þá hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að takmarka eða banna ráðstöfun eigna fjármálafyrirtækja og ráðstafa þeim til greiðslu krafna, rifta sölu eigna innan ákveðinna tímamarka og láta meta verðmeta eignir fjármálafyrirtækja.

Ákvæði frumvarpsins eru tímabundið og falla úr gildi í árslok 2017. Við þau tímamörk má búast við að verði búið að festa í lög hér á landi hliðstæð ákvæði með lögum um skilameðferð fjármálafyrirtækja. Sú löggjöf er m.a. innleiðing á ákvæðum tilskipunar ESB um sama efni (Bank resolution and recovery directive).

Samtök fjármálafyrirtækja mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Yngvi Örn Kristinsson

